Stórkostleg listaverkagjöf:

Erró gefur um tvö þúsund verk

– safn Errós verður til húsa á Korpúlfsstöðum

Við opnun sýningar á málverkum Errós á Kjarvalsstöðum færði listamaðurinn Reykjavíkurborg að gjöf nær tvö þúsund listaverk. Verkin eru mjög fjölbreytt og eru þar á meðal olíumálverk, vatnslitamyndir, grafíkmyndir, teikningar, samklippur og auk þess dagbækur, bréf, greinar og bækur úr eigu listamannsins. Verkin spanna nær allan feril Errós, frá æskuárum til dagsins í dag. Auk þess mun hann færa safninu gjafir öðru hverju í framtíðinni. Ekki er hægt að segja nákvæmlega til um verðmæti listaverkanna en það mun nálgast milljarð. Borgaryfirvöld hafa ákveðið að safn Errós verði til húsa á Korpúlfsstöðum en lengi hefur verið í bígerð að reisa þar allsherjar menningarmiðstöð.

Í samtali við DV sagði Hulda Valtýsdóttir, formaður menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar, að gjöfin ýtti vissulega á fyrirhugaðar framkvæmdir á Korpúlfsstöðum.

„Hins vegar hefur enginn tími unnist til að gera áætlanir þar að lútandi en borgarstjóri sagði, við móttöku verkanna, að endurbætur á Korpúlfsstöðum yrðu teknar inn á fjárhagsáætlun næsta árs. Þetta er stórkostleg gjöf til þjóðarinnar og hana ber að þakka af alhug. En gjöfinni fylgir líka sú ábyrgð borgaryfirvalda að koma verkunum fyrir á þann hátt sem þeim sæmir."

Hulda sagði einnig að endurbætur á Korpúlfsstöðum væru langtímaverkefni og of snemmt að segja til um hvernig þeim yrði háttað.

„Húsakynni á Korpúlfstöðum eru gífurlega stór og þar verður rými fyrir fjölbreytta menningarstarfsemi. Allt umhverfi hússins er á framtíðarskipulagi borgarinnar sem útivistarsvæði og þar er gert ráð fyrir höggmyndum eftir íslenska listamenn."

Að sögn Huldu er frágangur listaverka og annarra muna úr eigu listamannsins mjög til fyrirmyndar og safnið mjög aðgengilegt. Aðspurð sagðist hún ekki geta svarað því hvort einhver hluti safnsins yrði sýndur almenningi á næstunni því enn væri of skammur tími liðinn frá afhendingu gjafarinnar. -JJ



Við opnun sýningar Errós á laugardaginn. Listamaðurinn ræðir við Vigdísi Finnbogadóttur, forseta Íslands. Við opnun sýningarinnar var greint frá hinni stórkostlegu gjöf Errós. DV-mynd GVA

Slátrun dregst saman

– en skuldir ríkis vaxa

Magnús Ólafsson, DV, A-Húnavatnssýslu:

Slátrun er hafin hjá Sölufélagi Austur-Húnvetninga. Ráðgert er að slátra 35 þúsund dilkum í haust og er það um 9% fækkun frá því í fyrra. Fá ár eru síðan yfir 50 þúsund dilkum var slátrað á Blönduósi. Þessi mikli samdráttur stafar m.a. af miklum niðurskurði vegna riðuveiki á undanförnum árum og enn verður skorið fé á nokkrum bæjum í héraðinu í haust.

Við upphaf sláturtíðar eru heldur minni dilkakjötsbirgðir til í landinu en voru um sama leyti í fyrra. Kemur þetta til af söluátakinu sem gert var í sumar. Hins vegar á ríkisvaldið eftir að greiða sláturleyfishöfum miklar útflutningsbætur og ekkert gengur að fá vaxta- og geymslugjaldið greitt þrátt fyrir loforð stjórnmálamanna.

„Ríkið skuldar SAH um 35 millj. kr. um þessar mundir," sagði Guðsteinn Einarsson framkvæmdastjóri á fundi með deildarstjórum SAH nýlega. Guðsteinn rifjaði upp þegar landbúnaðarráðherra var bent á það á fundi á Blönduósi síðastliðinn vetur að ekki væri gert ráð fyrir nógu miklum útflutningsbótum á fjárlögum. „Þá sagði ráðherra að það yrðu útvegaðar aukafjárveitingar til þess að sinna þeim málaflokki. Nú segir fjármálaráðherra hins vegar að engar aukafjárveitingar verði veittar," sagði Guðsteinn.

Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur:

Gjöfin jafnast ekki á við neina aðra

– gjöf Errós hefur rannsóknargildi

„Þetta er alstærsta listaverkagjöf sem þjóðinni hefur hlotnast og jafnast ekki á við neina aðra. Sennilega tvöfaldar gjöfin listaverkaeign borgarinnar í einni svipan. Til samanburðar má geta þess að Listasafn Íslands á um sex þúsund verk eftir íslenska listamenn og er því ein gjöf með tvö þúsund verkum eftir sama listamanninn gífurlega höfðingleg. Gjöfin sýnir eindæma rausn listamannsins og hlýhug til þjóðarinnar," sagði Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur í samtali við DV. Aðalsteinn hefur starfað með Erró á liðnum árum og segir að innan um séu verk frá ákveðnum tímabilum sem hafa verið eftirsótt af söfnum víða um heim. Ennfremur sagði Aðalsteinn að erfitt væri að gera sér grein fyrir heildarverðmæti gjafarinnar, enda væri erfitt að meta allt til fjár.

„Það að gjöfin er jafnstórkostleg og raun ber vitni skýrist af því að Erró hefur alla tíð verið berserkur í vinnu og aldrei slegið af. Gjöfin gefur einstakt tækifæri til að skoða í smáatriðum hvernig verk Errós verða til því í henni má rekja þróun einstakra verka, allt frá frumskissum til fullgerðra mynda. Jafnframt má lesa í bréfum hans hvað listamaðurinn er að hugsa og gera þegar hann er að vinna ákveðin verk. Gjöfin hefur því sérstakt rannsóknargildi fyrir listaverk Errós og varpar ljósi á listferil hans." -JJ

Í dag mælir Dagfari

Lúðvík er sökudólgurinn


Menn hafa verið að rífast um það heiftarlega undanfarna daga hvort Sverrir Hermannsson hafi keypt Samvinnubankann fyrir of hátt verð, hvort hann hafi haft heimild og hvort verið sé að bjarga Sambandinu undan hamrinum. Því hefur líka verið haldið fram að kaupin á Samvinnubankanum séu dæmigerð um hagsmunagæsluna og samtrygginguna milli stjórnmálaflokkanna enda séu bankastjórar ekkert nema pólitískir sendisveinar hinna ýmsu flokka og hagsmuna sem hafi það verkefni í ríkisbönkunum að hjálpa upp á sakirnar þegar í nauðirnar rekur.

Sverrir Hermannsson hefur fengið orð í eyra, Sambandið hefur fengið orð í eyra og viðskiptaráðherra á enn eftir að gera upp hug sinn um það hvort hann samþykkir kaupin á Samvinnubankanum. Bankaeftirlitið er enn að rannsaka hvort farið hafi verið eftir settum reglum þegar kaupin voru gerð.

En allt er þetta byggt á misskilningi. Allt eru þetta blásaklausir aðilar. Menn hafa nefnilega komist að þeirri niðurstöðu að Lúðvík bankaráðsmaður Jósepsson sé aðalsökudólgurinn og skúrkurinn í þessu bankamáli. Sambandið veltir því nú fyrir sér hvort rétt sé að lögsækja Lúðvík og uppi eru raddir um að hrekja Lúðvík úr bankaráðinu og bankaeftirlitið rannsakar hvort Lúðvík hafi gerst sekur um trúnaðarbrot.

Lúðvík Jósepsson hefur leyft sér að hafa skoðanir á kaupum Landsbankans á Samvinnubankanum. Hann telur kaupverðið of hátt, hann telur Sambandið skulda of mikið og hann sakar Sverri um að hafa sniðgengið lög við þessa ákvarðanatöku. Og það sem verst er: Lúðvík hefur gert þessar skoðanir sínar opinberar og leyfir sér að segja sannleikann um málið. Svona framkoma gengur auðvitað ekki og Lúðvík verður að fara að átta sig á því að hann er ekki í bankaráði til að hafa skoðanir. Sérstaklega ekki skoðanir á bankamálum eða peningamálum. Bankaráðsmenn eru til þess eins kosnir í bankaráð að rétta upp hendurnar þegar bankastjórar segja þeim að rétta upp hendurnar. Þar að auki er Lúðvík kommi og kommar hafa aldrei ráðið neinu um peningamál í Landsbankanum.

Hingað til hafa bankaráðsmenn haft vit á því að gegna sínu hlutverki. Mætt á fundi þegar þeim er sagt að mæta á fundi en látið bankann í friði að öðru leyti. Lúðvík Jósepsson hefur hins vegar haft það fyrir sið að sitja niðri í Landsbanka daginn út og daginn inn og heimtar skrifstofu fyrir sjálfan sig og flettir þar gögnum og skjölum og setur sig inn í mál. Þetta hefur gengið svo langt að hann veit meira um skuldastöðu Sambandsins en Sambandið sjálft. Þetta er ófyrirgefanlegt glappaskot og er litið mjög alvarlegum augum af bæði bankastjórunum og Sambandinu.



Það er ekkert athugavert við það að Landsbankinn kaupi Samvinnubankann. Það er allt gott um kaupverðið að segja. Það gerir ekkert til þótt Sambandið skuldi meira eða minna. Það er sjálfsagt mál að Sverrir ákveði að lána Sambandinu næstu fimmtán árin, án tillits til þess hvað SÍS skuldar bankanum mikið. En þegar Lúðvík Jósepsson leyfir sér þá fífldirfsku að hafa skoðanir á þessum málavöxtum þá er kominn tími til að grípa í taumana. Þá verður það ekki þolað lengur að bankaráðsmaður sé að skipta sér af bankamálum. Þá er rétt að stefna manninum fyrir dóm og bola honum í eitt skipti fyrir öll út úr þessu bankaráði.

Sverrir getur ekki unað við það ástand að bankaráðsmaður sé að segja honum fyrir verkum. Sambandið getur ekki þolað það deginum lengur að gamall kommi sé að agnúast út í það þótt Sambandið selji Samvinnubankann. Þetta mál snýst heldur ekki nema um hálfan annan milljarð eða svo og það er smáræði sem ekki tekur að tala um né heldur að almenningi komi það yfir leitt nokkurn skapaðan hlut við hvernig Landsbankinn fer með sitt fé.

Það er siðlaust með öllu þegar áhrifalausir bankaráðsmenn, sem fá að vera í bankanum upp á punt, setja allt á annan endann og eyðileggja góð mál. Ekki síst þegar þeir hafa rétt fyrir sér. Svoleiðis menn verður að stöðva. Það eru þeir sem eru sökudólgarnir.

Dagfari